

Fyrir fund háskólaráðs 2. júní 2016

Á fundi háskólaráðs 14. apríl sl. var lögð fram greinargerð og tillögur starfshóps um þverfræðilega samvinnu á sviði kennslu og rannsókna innan Háskóla Íslands. Samþykkti ráðið að fela rektor að setja á laggirnar nefnd formanna starfsnefnda háskólaráðs undir forystu Guðmundar R. Jónssonar til að gera tillögu til ráðsins um forgangsröðun tillagna starfshópsins og áætlun um framkvæmd þeirra. Með nefndinni störfuðu Halldór Jónsson og Magnús Diðrik Baldursson.

Nefndin hefur farið yfir tillögur starfshópsins og fer niðurstaðan hér á eftir. Tillögurnar eru listaðar upp, tilgreindir ábyrgðaraðilar og settar fram athugasemdir/skýringar eftir því sem ástæða er til. Ljóst er að sumum tillagnanna er unnt að hrinda í framkvæmd þegar í stað, aðrar krefjast lengri undirbúnings og er það ábyrgðaraðila að meta það. Leggur nefndin til að staðan á framkvæmdinni verði metin í lok árs 2016.

	Ábyrgð	Athugasemd
Aðgerðir á sviði kennslu		
Kanna möguleika á fjölgun þverfræðilegra námsleiða.	FF/Rektor	Efling núverandi námsleiða? Form/skipulag
Lækka millideildartaxta í því skyni að örva kennaraskipti.	FN	Má framkvæma strax
Samræma uppgjör kennslu milli deilda skólans eftir því sem kostur er.	FN (SN/JN)	Tengist endurskoðun á reikniflokkum
Hvetja til kennslusamvinnu með breyttri uppgjorsreglu (85/25).	FN	Tengja við störf nefndar um endurskoðun á deililíkani
Efla kennslumálasjóð til að gera honum kleift að styrkja sérstök samkennsluverkefni í upphafi.	FN (KN)	
Sveigjanleiki í skiptingu starfsskyldna akademískra starfsmanna verði aukinn.	GN (JN)	Lágur forgangur
Vinna að því að fjölga sameiginlegum störfum sem fela í sér vinnuskyldur við fleiri en eina deild.	GN	
Nýta í auknum mæli nýja kennslutækni, taka upp fyrirlestra og fjölga fjarkenndum námskeiðum sem nemendur úr tveimur eða fleiri deildum geta tekið.	KN	
Ráðist verði í skipulega greiningu á því hvort leysa eigi núverandi misserakerfi af hólmi og taka upp lotukerfi.	KN	
Gæðakröfur varðandi skipulag kennslu og náms verði samræmdar og fræðsla aukin.	GN (KN)	
Aðgerðir á sviði rannsókna		
Skipting móttframlaga milli deilda verði ákvörðuð með samningum við upphaf rannsóknarverkefna.	FN	
Skipting stjórnunar- og aðstöðugjalds milli deilda verði ákvörðuð með samningum við upphaf rannsóknarverkefna.	FN	
Stofnaður verði sérstakur sjóður eða deild í	FN (VN)	

Rannsóknasjóði HÍ sem veitir styrki til verkefna sem eru þverfræðileg og a.m.k. 3 aðilar standa að.		
Skilgreind verði sérstök áherslusvið þverfræðilegra rannsókna og þau styrkt til samvinnu, t.d. með fyrirkomulag samvinnu um norðurslóðarannsóknir að fyrirmynd (sjá einnig tillögu c).	VN	Meta gengi núverandi hópa
Aðgerðir á sviði kynningarmála		
Gera ávinning þverfræðilegrar samvinnu betur sýnilegan, t.d. með málþingum og ráðstefnum um vel heppnuð dæmi þverfræðilegrar samvinnu og um huglægar hindranir gegn henni.	FF (MarkSam)	
Veitt verði hvatningarverðlaun fyrir vel heppnaða þverfræðilega samvinnu.	VN/KN	Fyrir nám og rannsóknir (sitt hvort)

Skýring:

FF: Forsetar fræðasviða

FN: Fjármálanefnd

GN: Gæðanefnd

JN: Jafnréttisnefnd

KN: Kennslumálanefnd

MarkSam: Markaðs- og samskiptasvið

SN: Samráðsnefnd um kjaramál

VN: Vísindanefnd